

**106. fundur Velferðar- og mannréttindaráðs, haldinn í bæjarþingsalnum,  
Stillholti 16-18,  
21. maí 2019 og hófst hann kl. 16:00.**

**Fundinn sátu:**

Gerður Jóhanna Jóhannsdóttir formaður, Einar Brandsson varaformaður, Anna Þóra Þorgilsdóttir aðalmaður, Sveinborg Kristjánsdóttir félagsmálastjóri og Hrefna Rún Ákadóttir félagsráðgjafi.

**Fundargerð ritaði:** Sveinborg Kristjánsdóttir, sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs.

**Fyrir tekið:**

**1. 1905211 - Klúbburinn Geysir - umsókn um styrk 2019**

Klúbburinn Geysir - umsókn um styrk 2019.

*Velferðar- og mannréttindaráð getur ekki orðið við erindinu en óskar Klúbbnum Geysi velfarnaðar í starfi sínu.*

**2. 1905273 - Samþætt verklag skólaþjónustu og velferðarþjónustu**

*Samþætt verklag skólaþjónustu og velferðarþjónustu.*

*Kynnt er þróunarverkefni Hafnarfjarðarbæjar og Austurlandslíkanið.*

*Skóla- og frístundaráð og velferðar- og mannréttindaráð leggja til að stofnaður verði þróunarhópur þvert á svið þessara ráða til þess að undirbúa ferli nýs verklags við skóla- og velferðarþjónustu á Akranesi.*

*Ráðin leggja jafnframt til við bæjarráð að heimild fái til að ráða í starf verkefnastjóra tímabundið til tveggja ára, til þess að stýra innleiðingu á nýju verklagi frá og með 15. ágúst 2019. Kostnaður vegna ráðningar fyrir árið 2019 er u.þ.b. kr. 765.915 pr. mánuð eða samtals fyrir árið 2019 kr. 3.446.618. Kostnaði vegna næsta árs er vísað til næstu fjárhagsáætlunargerðar.*

**3. 1905297 - Tímabundin ráðning þroskaþjálfara**

Tímabundin ráðning ráðgjafaþroskaþjálfara í eitt ár.

*Velferðar- og mannréttindaráð samþykkir ráðningu ráðgjafaþroskaþjálfara, tímabundið í eitt ár, eða til 30. júní 2020.*

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18:00.**

*Gerður Joh. Jóhannsdóttir  
Einar Brandsson  
Anna Þóra Þorgilsdóttir  
Hrefna Rún Ákadóttir  
Sveinborg Kristjánsdóttir*